
Landsnet – Veðurviðvörðun, vindálag frá Hvalfirði vestur um Snæfellsnes og Dali. Einkum þó norðanlands.
23.02. 2018 kl. 12:30

Almennt yfirlit

Hvass SA-vindur fylgir djúpri lægð langt vestur undan. Um leið hlánar og því ekki nein ísing og heldur ekki til fjalla (ef undan er skilið stutt tímabili nú næstu klukkustundirnar). Veðrið er óvenjulegt fyrir þær sakir hve sviptivindasamt verður staðbundið hlémegin fjalla

Líklegt álag á línur:

Brennimelslína í Hvalfirði: 40-45 m/s í hviðum, einkum eftir kl. 17 og fram undir miðnætti.

Vatnshamralína: Miklir sviptivindar um Skarðsheiði, 40-50 m/s frá kl. 17 og fram undir miðnætti.

Hrútatungulína í Andakíl: Sennilega sleppur betur þar en oft áður í SA-átt, en samt verður foráttuhvass í Andakíl, sérstaklega norðan við Skarðsheiðina. Sami tími og að ofan.

Ólafsvíkurlína: Vindaálag ekki meira en oftast áður við þessi skilyrði, en mögulea eru hviður vanmetnar í reikningum.

Hrútatungulína og Geiradalslína: Á Holtavörðuheiði, Hrútafirði og Laxárdalsheiði verður verulega mikið vindálag, að mestu jafnvindur 27-30 m/s frá um kl. 18, en hámark 30-35 m/s í nótt fram undir kl. 5.

Glerárskógalína: Í Gilsfirði eru þekktir sviptivindar við þessar aðstæður, einnig eftir kl. 18 og fram yfir miðja nótt.

Laxárvatnslína Blöndulína 2 og Rangárvallalína: Brestur þarna á með ofsaveðri upp úr kl. 18-19 og nær hámarki um kl. 3 til 5 í nótt. Foráttuhvass víða í báðum Húnavatnssýslum og í Skagafirði (sjá meðfylgjandi kort.). Sviptivindar t.d. í Víðidal, við Svínavatn og Blönduhlíð og Norðurárdal í Skagafirði.

Laxárlína: Vindálag þvert á í nótt, sérstaklega í Ljósavatnsskarði og yfir Vaðlaheiði.

Nánar um veðrið

SA-áttin sem fylgir þessari djúpu og víðáttumiklu lægð langt í vesttri er nokkuð óvenjuleg þar sem hvass vindur er af sömu átt nær í raun frá yfirborði allt upp í háloftin. Við það "flýtur" mesti vindurinn og nær ekki niður á láglandi, nema þar sem fjöll trufla en þar verða þá líka staðbundnar miklar rokur. Það hlýnar á eftir


hitaskilum eftir miðjan daginn. Það er einkum þá sem hvekkir af SA. Breiður vindstrengur sem nær til alls landsins seinnipartinn og í nótt. Hætt er við umtalsverðum sviptivindum hlémegin brattrá fjalla við þessar aðstæður.

Vestanlands lægir mikið á eftir kuldaskilum um og upp úr miðnætti, en mesti vindkjarninn verður yfir Vestanverðu Norðurlandi, Eyjafirði og S-Þing í nótt.


Veðurviðvörðun:

Spáð er ofsaveðri norðanlands í kvöld og nótt og sviptivindum víða vestanlands. Hætt er við truflunum á línunum frá Hvalfirði vestur í Dali frá því síðdegis og fram undir nótt. Norðanlands, frá Hrótafirði norður í Mývantssveit verður hámarks vindálagið í nótt.

Kort til frekari skýringa:



Vindspá kl. 21



Hámark um kl. 16 í nótt.

Einar Sveinbjörnsson
857-1799